

REGLUR

um gæðaeftirlit með háskólakennslu.

I. Markmið.

1. gr.

Markmið gæðaeftirlits með kennslu á háskólastigi er að auka gæði kennslu í háskólum, vinna að því að nýta tæki gæðastjórnunar til þess að bæta skipulag og sveigjanleika í starfsemi háskóla og stuðla að aukinni ábyrgð háskólastofnana á eigin starfsemi.

II. Gæðakerfi háskóla.

2. gr.

Háskóli skal uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar með því að taka upp formlegt gæðakerfi. Þáttur í þessu er kerfisbundið mat á störfum kennara er m.a. skal fela í sér mat nemenda á kennslu, greinargerð/sjálfsmat kennarans og formleg viðbrögð viðkomandi stjórnunareiningar, skorar eða deildar, við mati í þeim tilgangi að bæta kennsluna. Innan tveggja ára frá gildistöku reglna þessara, eða innan tveggja ára frá því að háskóli hlýtur viðurkenningu menntamálaráðuneytis, skal hann senda ráðuneytinu og birta opinberlega lýsingu á gæðakerfi sínu. Háskóli skal einnig birta í ársskýrslu sinni upplýsingar um framkvæmd eftirlits með kennslu samkvæmt innra gæðakerfi.

III. Ytra gæðaeftirlit.

3. gr.

Ytra gæðaeftirlit með háskólakennslu byggir á mati sérfræðinga sem tekur mið af eftirfarandi grundvallarreglum:

- Óháður stjórnunaraðili ber ábyrgð á framkvæmd matsins.
- Fram fer mat sem utanaðkomandi sérfræðingar á viðkomandi fagsviði standa að.
- Sjálfsmat stofnunar er að öllu jöfnu grunnur ytra mats.
- Niðurstöður matsins eru kynntar opinberlega.

4. gr.

Ytra gæðaeftirlit með háskólakennslu getur náð til háskólastofnunar í heild, einstakra greina, skora, námsbrauta, deilda eða annarra skilgreindra eininga innan stofnunar. Einnig getur ytra gæðaeftirlit á háskólamenntun náð til fleiri en einnar háskólastofnunar og eininga í senn.

Ytra gæðaeftirlit með háskólakennslu nær til allra þeirra þátta sem snerta kennslu, þ.m.t. stjórnunar, starfsmannamála, námsmats, málefna nemenda og aðbúnaðar.

Háskóli greiðir kostnað vegna innra mats af fjáveitingum sínum. Menntamálaráðuneyti greiðir kostnað vegna ytra mats.

5. gr.

Menntamálaráðherra ákveður hvenær ytra mat fer fram samkvæmt reglum þessum og að hverju það beinist. Skipar ráðherra í því skyni ytri matshóp, sem ber ábyrgð á framkvæmd matsins. Við val á ytri matshópi skal taka mið af eftirfarandi:

- 1) Enginn meðlima ytri matshóps má hafa bein tengsl við þá stofnun sem heimsótt verður.
- 2) Formaður skal hafa reynslu af stjórnun háskóla og þekkingu á þróun háskólastofnana.
- 3) Tveir sérfræðingar af viðkomandi fræðasviði skulu vera í hópnum.

- 4) Einstaklingur með sérþekkingu á kennslufræði skal sitja í hópnum.
- 5) Í hópnum skal sitja fulltrúi þeirra sem ráða brautskráða nemendur til starfa eða fulltrúi fagfélags.
- 6) Hópurinn hafi ritara sem sér um að skipuleggja störf hans og rita skýrslu.
- 7) Að minnsta kosti einn meðlima hópsins skal vera starfandi í öðru landi en Íslandi.

Í ytri matshópi skulu sitja 3-6 menn og getur hver uppfyllt fleira en eitt ofangreindra skilyrða. Ytri matshópur starfar í samræmi við leiðbeiningar sem menntamálaráðuneyti gefur út.

Innan þriggja vikna frá skipun ytri matshópsins skal hann gefa út verk- og tíma- og kostnaðaráætlun fyrir matið og fá staðfestingu menntamálaráðuneytis á henni.

Ytri matshópur gefur út leiðbeiningar fyrir sjálfsmat háskóla eða eininga innan hans og fylgist með framkvæmd þess. Menntamálaráðuneyti skal staðfesta leiðbeiningar um sjálfsmat.

6. gr.

Háskólaráð eða viðkomandi deild skipar sjálfsmatshóp og formann hans vegna ytra mats. Formaður sjálfsmatshóps skipuleggur og ber ábyrgð á gerð sjálfsmats og ritun skýrslu um það. Hann er einnig tengiliður við aðila utan og innan viðkomandi háskóla og skipuleggur heimsókn ytri matshóps.

Í sjálfsmatshóp skal skipa minnst fjóra og mest sex fulltrúa og skulu fulltrúar gefa rétta mynd af innra skipulagi einingarinnar sem matið nær til að mati ytri matshóps. Skulu þeir allir starfa innan viðkomandi einingar og vera fulltrúar kennara, nemenda og stjórnenda. Í störfum sínum skal sjálfsmatshópurinn tryggja að meðlimir einingarinnar, sem eru utan hópsins, geti komið að matinu.

Ytri matshópur getur veitt heimild til þess að upplýsingar sem unnar eru reglulega í gæðakerfi háskóla fullnægi kröfum um sjálfsmat óski sjálfsmatshópur stofnunar eftir því.

7. gr.

Að loknu sjálfsmati stofnunar heimsækir ytri matshópur viðkomandi deild/stofnun, sannreynir skýrslu um innra mat, kannar önnur þau atriði sem hann telur nauðsynleg og ritar skýrslu um niðurstöður sínar.

Ytri matshópur skal ljúka skýrslu sinni innan tveggja mánaða eftir að heimsókn í skóla líkur. Áður en ytri matshópur gengur endanlega frá skýrslu sinni skal hann senda hana viðkomandi skóla til athugunar. Menntamálaráðuneytið skal síðan boða til fundar ytri matshóps og fulltrúa viðkomandi skóla þar sem þeim gefst kostur á að gera athugasemdir við staðreyndaatriði skýrslunnar. Skal ytri matshópur taka afstöðu til athugasemda skóla og ganga síðan frá lokaskýrslu um matið til menntamálaráðuneytis.

8. gr.

Skýrsla ytri matshóps skal kynnt opinberlega í heild sinni. Ytri matshópur getur þó í samráði við menntamálaráðuneyti undir sérstökum kringumstæðum ákveðið að skila sérstakri greinargerð með niðurstöðum sem einungis verði kynntar viðkomandi skóla, stjórn verkefnisins og menntamálaráðuneyti.

Innan þriggja mánaða frá birtingu lokaskýrslu um matið skal viðkomandi háskóla-stofnun birta opinberlega greinargerð um hvernig hún hyggist bregðast við niðurstöðum þess. Innan tveggja ára þar í frá skal menntamálaráðuneytið kanna hver viðbrögð háskóla-stofnunarinnar hafa verið og birta niðurstöður þeirrar könnunar opinberlega.

9. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 136/1997 og taka þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um skipulag Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Forstjóri Hollustuverndar ríkisins fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri.

Forstjóri ræður forstöðumenn og framkvæmdastjóra rannsóknastofu, sbr. ákvæði 2. greinar.

Forstjóri velur staðgengil sinn úr hópi forstöðumanna.

2. gr.

Hollustuvernd ríkisins skiptist upp í 3 fagsvið sem eru: matvælasvið, mengunarvarnasvið og eiturefna- og hollustuverndarsvið. Forstöðumaður starfar yfir hverju sviði.

Sérstök stöðeining stofnunarinnar er rannsóknarstofa, sem starfar undir yfirstjórn sérstaks framkvæmdastjóra og er fjárhagslega aðskilin frá öðrum rekstri stofnunarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 20. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að fengnum tillögum forstjóra Hollustuverndar ríkisins og öðlast gildi 1. september 1999.

Umhverfisstofnun, 6. maí 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.